Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb.
1 0. júní 2011
10.5.3
Tilv.

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júní 2011
Tilvísun: UST20110600032/bs

**Matsskylda - Lenging Skarfabakka í Sundahöfn, Reykjavík. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.
Fyrirhugað er að lengja Skarfabakka til austurs um 200 m. Efnisþörf er talin vera um 210.000 $m^3$. Efni sem fellur til við dýpkun við Skarfabakka sem og efni úr aflögðum hafnarmannvirkjum verður nýtt eins og kostur er. Annað efni verður sótt í námur í Faxaflóa. Dýpkunarefni sem nýtist ekki verður losað á samþykktu losunarsvæði að gefnu leyfi Umhverfisstofnunar. Hafsbotni á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði hefur áður verið raskað við dýpkunarframkvæmdir.
Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri